



Nr. xxxx

15. desember 2022

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps innheimtir gjöld vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs eins og fram kemur í gjaldskrá þessari. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps áskilur sér rétt til þess að fela sorphirðuverktaka umsjón með innheimtu móttökugjalda á söfnunarstöðvum, eigi það við.

### 2. gr.

*Sorpreinsunargjald* greiðist árlega. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 19.050,- á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

*Sorpeyðingargjald* greiðist árlega. Gjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

Gjaldið er kr. 16.450,- á hverja íbúð, miðað við almenna tunnu, 240 l.

*Sorpjald fyrirtækja* greiðist árlega. Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum.

Hvert fyrirtæki greiðir lágmarkssorpgjald 35.500,- kr. á ári., sem er annars vegar 19.050,- kr. í sorpreinsunargjald og hins vegar 16.450,- kr. í sorpeyðingargjald. Gjaldið tekur mið af 240 l tunnu.

Á hvert frístundahús (sumarbústað), greiðist þjónustugjald kr. 10.650,- sem er 30% af fullu gjaldi (kr. 35.500, -), enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hverja aukatunnu skal greiða 21.905,- kr./ár.

Fyrir sorp umfram þetta greiðist samkvæmt gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps.

### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttoku úrgangs á safnstöð og sorphaugum Vopnafjarðarhrepps skal vera með eftirfarandi hætti:

Móttökugjald	Kr. án/vsk
Móttökugjald fyrir einstaka farma allt að:	
0.25 (1/4) m <sup>3</sup>	0,-
0,50 (1/2) m <sup>3</sup>	1.500,-

0,75 (3/4) m <sup>3</sup> 1,0 m <sup>3</sup>	2.250,- 3.000,-
<b>Óflokkað</b>	<b>Kr./kg án.vsk</b>
<b>Blandaður úrgangur:</b> Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnað ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggum	17,6
<b>Grófur úrgangur:</b> Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	19,8
<b>Flokkað</b>	
<b>Timbur:</b> Hvítmálað, plasthúðað og blandað Flokkað timbur og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta) Hey trjáafklíppur, gras, hálmur og arfi Dagblöð/tímarit til endurvinnslu Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	16,5 11,0 0 0 0
<b>Málmar:</b>	0
<b>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</b> Umbúðir úr sléttum pappa Plastumbúðir Heyrúlluplast Bylgjupappi Hjólbarðar Raftæki Spilliefni (heimilt er að fyrir útlögðum kostnaði v/spilliefna sem ekki bera úrvinnslugjald)	0 0 0 0 0 0
<b>Annað:</b> Smádýrahrað, sláturúrgangur og fiskúrgangur Fljótandi úrgangur (seyra) Húsdýraúrgangur Ómengaður úrgangur til urðunar, (jarðvegur, steinefni, sem ekki nýtist til jarðgerðar, sem fyllingarefn eða til landmótunar á urðunarstað)	12,1 12,1 0 14,3

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst.

Gjaldskyldir farmar frá atvinnurekstri undir ¼ m<sup>3</sup> bera lágmarksgjald kr. 2.993,-

Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er verktaka heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá verktaka.

#### 4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu skv. 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

Gjalddagar þessara gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalfa.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjalddagi gjalda skv. 3.. gr. er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar.

**5 gr.**

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá Úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöldin eru og tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

**6. gr.**

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Vopnafjarðar þann 15. desember 2022, með stoð í 7. gr. samþykktar um sorphreinsun í Vopnafjarðarhreppi, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Vopnafjarðarhreppi nr. 1622/2021.

*Vopnafirði 15. desember 2022*

*Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri*

Sara Elísabet Svansdóttir

B-deild – Útgáfudráfi:  **Sveitarstjóri  
Vopnafjarðarhrepps**

